

**142. fundur Velferðar- og mannréttindaráðs, haldinn í fjarfundi,  
16. desember 2020 og hófst hann kl. 16:00.**

**Fundinn sátu:**

Kristinn Hallur Sveinsson formaður, Einar Brandsson varaformaður, Anna Þóra Þorgilsdóttir aðalmaður, Svala Kristín Hreinsdóttir sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs og Sveinborg Kristjánsdóttir félagsmálastjóri.

**Fundargerð ritaði:** Svala Hreinsdóttir, sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs.

Fundur haldinn í gegnum fjarfundarbúnaðinn Teams.

**Fyrir tekið:**

**1. 1901116 - Málefni fatlaðra samstarfssamningur Hvalfjarðarsveitar og Akraneskaupstaðar- 2019**

Uppsögn Hvalfjarðarsveitar á samstarfssamning um ýmis mál á sviði félags- og íþróttamála.

*Lagt fram til kynningar.*

**2. 1811112 - Umhverfisstefna Akraneskaupstaðar**

Á 180. fundi skipulags- og umhverfissráðs var óskað eftir umsögn velferðar- og mannréttindaráðs á þeim drögum að umhverfisstefnu Akraneskaupstaðar sem liggja nú fyrir.

*Lagt fram til kynningar, málið verður aftur tekið fyrir á nýju ári. Velferðar- og mannréttindaráð leggur til að leitað verði umsagnar hjá Notendaráði um málefni fatlaðs fólks.*

**3. 2011170 - Starf búsetuþjónustu - forstöðumaður**

Staða forstöðumanns búsetuþjónustu fatlaðs fólks á Akranesi var auglýsir laust til umsóknar í nóvember sl. Alls bárust 24 umsóknir um stöðuna.

*Niðurstaða liggur fyrir og hefur Gunnhildi Völu Valsdóttur verið boðin staðan. Velferðar- og mannréttindaráð býður Gunnhildi Völu velkomna til starfa og óskar henni velfarnaðar í starfi.*

**4. 2012179 - Frístundastarf allt lífið**

Akraneskaupstaður býður upp á frístundastarf fyrir börn og ungmenni og eldri borgara. Frístundastarf fyrir börn og ungmenni hefur þróast og tekið breytingum m.a. með áherslu á þátttöku allra barna. Fyrirhugað er að félagsstarf fyrir aldraða og öryrkja flytji þegar ný þjónustumiðstöð verður tekin í notkun að Dalbraut 4 á árinu 2021.

*Velferðar- og mannréttindaráð felur sviðsstjóra að vinna málið áfram í samvinnu við skóla- og frístundasvið og hagsmunaaðila.*

**5. 2012200 - Velferðarvaktin - tillögur til ríkis og sveitarfélaga í mótvægisáðgerðum vegna COVID 19**

Tillögur velferðarvaktarinnar til ríkis og sveitarfélaga í mótvægisáðgerðum vegna COVID-19.

*Lagt fram til kynningar.*

Fundargerð samþykkt af öllum fundarmönnum með rafrænum hætti. KS, AÞÞ, EB, SK og SH.

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18:00.**